

NOTKUNARLEIÐBEININGAR í

Vibrasat® Pro

Titrandi hágæða handstykki
fyrir fegrandi líkamsmótun



MIKILVÆGT

LESTU VANDLEGA FYRIR NOTKUN

GEYMDU BÆKLINGINN TIL AÐ GETA FLETT UPP Í HONUM SEINNA

© Möller Medical GmbH
Öll réttindi áskilin.

Engan hluta þessara gagna má afrita eða þýða á nokkurn hátt nema fyrir liggi skriflegt leyfi Möller Medical GmbH. Staða upplýsinga, forskrifta og myndskreytinga í þessum notkunarleiðbeiningum er auðkennd með útgáfunúmerinu á síðustu síðu. Möller Medical GmbH áskilur sér rétt til að gera breytingar á tækni, aðgerðum, forskriftum, hönnun og upplýsingum hvenær sem er og án fyrirvara.

Möller Medical GmbH, Wasserkuppenstraße 29-31, 36043 Fulda, Þýskaland

Efnisyfirlit

1	Almennar öryggisleiðbeiningar	6
1.1	Skýring á öryggistáknum sem notuð eru	6
1.1.1	Tákn í notkunarleiðbeiningum	6
1.1.2	Tákn á tækinu	6
1.1.3	Viðbótartákn á söluumbúðum	7
1.2	Skýring á leturvenjum sem notaðar eru	8
1.3	Ábyrgð framleiðanda	8
1.4	Varúðarskylda rekstraraðila	9
1.5	Viðvaranir	10
1.6	Viðbótarbúnaður sem ekki er frá framleiðanda	10
1.7	Stök notkun	11
1.8	Varúðarráðstafanir	11
1.9	Markhópur (notendur)	11
1.10	Skilaboð	11
2	Fyrirhugaður tilgangur	12
2.1	Fyrirhuguð notkun – Fyrirhugaður tilgangur Vibrasat® Pro	12
2.2	Frábendingar	12
2.3	Fylgikvillar	12
2.4	Helstu frammistöðueinkenni	12
2.5	Samsetning við aðrar vörur	12
3	Vörulýsing	13
3.1	Vibrasat® Pro Wand (Handfang)	14
3.2	Vibrasat® Pro Console (stýrieining)	15
3.3	Liposat®/Vibrasat® Footswitch (Fótrofi)	16
3.3.1	Liposat®/Vibrasat® Footswitch (1-fótstig)	16
3.3.2	Liposat®/Vibrasat® Footswitch (3-fótstig)	16
3.4	Holnálar	16
4	Uppsetning og gangsetning	17
4.1	Tækið tekið upp og athugað hvort allt hafi fylgt með	17
4.2	Viðeigandi rekstrarumhverfi Vibrasat® Pro	18
4.3	Uppsetning og gangsetning	18
4.3.1	Almennar upplýsingar	18
4.3.2	Gangsetning	19
4.4	Tekið í sundur	20
5	Notkun og rekstur	21
5.1	Lýsing á stjórn tækjum Vibrasat® Pro Console	21
5.1.1	Lýsing á skjá	22
5.2	Notkun	22
5.2.1	Titringshraði stilltur	23
5.2.1.1	Boost - virkni	23
5.2.2	Kveikt og slökkt á titringi	23
5.2.3	Viðvaranir	24

Efnisyfirlit

6	Þrif og umhirða	25
6.1	Vibrasat® Pro Wand	25
6.2	Vibrasat® Pro Console	25
7	Hjálp ef bilun kemur upp	26
8	Þjónusta	27
8.1	Hugbúnaðaruppfærsla	28
9	Endurteknar öryggisathuganir	30
10	Förgun	31
11	Viðauki	32
11.1	Tæknileg gögn	32
11.2	Almenn auðkenni	33
11.3	Rafsegulgeislun	34
11.4	Rafsegulónæmi	35
11.5	Ráðlagðar öryggisfjarlægðir	36
12	Fylgibúnaður	37

1 Almennar öryggisleiðbeiningar

1.1 Skýring á öryggistáknum sem notuð eru

Mikilvægar upplýsingar eru merktar sjónrænt í þessum notkunarleiðbeiningum. Þessar leiðbeiningar eru forsenda þess að koma í veg fyrir að hætta skapist fyrir sjúkling, notanda og þriðju aðila, sem og til að forðast skemmdir eða bilanir á tækinu.

1.1.1 Tákn í notkunarleiðbeiningum



Varúð



Vísbendingar eða hjálp



Ójónandi rafsegulgeislun

1.1.2 Tákn á tækinu



Fylgið notkunarleiðbeiningunum



Vörunúmer



Lækningatæki



Einkvæmt auðkenni lækningatækis



Raðnúmer (fyrstu 4 tölustafirirnir lýsa framleiðsluári og mánuði á ÁÁMM sniði)



Framleiðandi



Riðstraumur



Tæki í verndarflokki II



Endurheimt og förgun fer fram í samræmi við WEEE- tilskipunina



Samræmist ANSI/AAMI ES 60601-1
CAN/CSA 22.2 nr. 60601-1-6A:11
CAN/CSA 22.2 nr. 60601-1:14



Rofi fyrir biðstöðu



Kveikt á tækinu (slökkt á biðstöðu)
















Slökkt á tækinu (kveikt á biðstöðu)

Efnisyfirlit

	Inntak / Úttak (fyrir orku og merki)
	USB-hýsill
	Notkunarhluti af gerð B
	Fótrofi
	Start/Stop-hnappur
	Plús-hnappur (auka / hækka)
	Mínus-hnappur (draga úr / lækka)
	Núverandi tenging
	Viðvörðun

1.1.3 Viðbótartákn á söluumbúðum

	Fylgdu leiðbeiningunum
	Pökkunareining
	Lotunúmer, framleiðslulota
	Notist fyrir, ÁÁÁÁ-MM-DD
	Framleiðsludagur (ÁÁÁÁ-MM-DD)
	Geymist í skjóli fyrir sólarljósi
	Geymist á þurrum stað
	Loftraki, Takmörkun
	Takmörkun hitastigs
	Takmörkun á stafla, staflinn má að hámarki samanstanda af 4 pökkum
	Hentar ekki til notkunar í segulómun
	Ekki nota ef umbúðir eru skemmdar
	Ekki endurnýta

Efnisyfirlit



Ekki endursóttþreinsa



Einfalt smitsæfandi tálmarkerfi



Einfalt smitsæfandi tálmarkerfi með ytri hlífðarumbúðum

R_XONLY

Varúð: Alríkislög Bandaríkjanna takmarka sölu þessa tækis við sölu til lækni eða samkvæmt pöntun lækni.

Frekari upplýsingar um tákni sem notuð eru má finna á vefsíðunni okkar: www.moeller-medical.com/glossary-symbols

1.2 Skýring á leturvenjum sem notaðar eru

Mismunandi leturgerðir eru notaðar í þessum notkunarleiðbeiningum fyrir betri skilning.

Leturgerð	Notkun
Feitletrað	Hnappar (t.d. í leiðbeiningum) Mikilvægir staðir
Skáletrun	Tilvísanir í kafla, myndir og töflur

Tafla 1:
Leturvenjur sem eru notaðar

Notkun Vibrasat® Pro krefst nákvæmrar þekkingar á og skal vera í samræmi við notkunarleiðbeiningarnar sem eru afhentar með tækinu. Passaðu vel upp á að geyma þessar notkunarleiðbeiningar fyrir notkun Vibrasat® Pro. Tækið má aðeins nota af einstaklingum sem hafa nauðsynlega þjálfun eða þekkingu og reynslu.

1.3 Ábyrgð framleiðanda

Framleiðandinn getur aðeins borið ábyrgð á öryggi, áreiðanleika og nothæfi tækjanna ef:



- Samsetning, viðbætur, endurstilling, breytingar eða viðgerðir eru aðeins gerðar af einstaklingum sem hafa fengið leyfi framleiðanda til þess.
- Rafmagnsuppsetning viðkomandi rýmis er í samræmi við viðeigandi kröfur og reglugerðir (t.d. VDE 0100, VDE 0107 eða IEC-forskriftir).
- Tækin eru notuð í samræmi við notkunarleiðbeiningar og farið er eftir reglum í hverju landi og landsbundnum frávikum.
- Ef farið er eftir þeim skilyrðum sem getið er um í tæknilýsingunni.

Öll önnur notkun en sú sem lýst er í þessum leiðbeiningum telst vera röng notkun og leiðir til þess að ábyrgð og bótaábyrgð fellur niður.

Samkvæmt ElektroG skuldbindur framleiðandinn sig til að taka gömlu tækin til baka.

Efnisyfirlit

1.4 Varúðarskylda rekstraraðila

Rekstraraðili ber ábyrgð á réttri notkun lækningatækisins. Vegna reglugerðar um rekstraraðila lækningatækja ber notandi ríkar skyldur og ábyrgð innan starfssviðs við meðhöndlun lækningatækja. Notkun Vibrasat® Pro er eingöngu heimil fagaðilum.

Notkun Vibrasat® Pro krefst nákvæmrar þekkingar á og skal vera í samræmi við notkunarleiðbeiningarnar. Aðeins einstaklingar sem hafa nauðsynlega þjálfun eða þekkingu og reynslu mega nota tækin.



Tækin falla undir sérstakar varúðarráðstafanir með tilliti til rafsegulsamhæfis og verður að setja upp og taka í notkun samkvæmt leiðbeiningum um rafsegulsamhæfi sem fylgja með.

Ef það, vegna bilunar í einhverju tækjanna, virkar ekki lengur sem skyldi, má ekki lengur nota tækið og skal það yfirfarið af tækniþjónustu.

Notkun tækjahluta sem ekki eru í samræmi við upprunalega útfærslu framleiðanda getur haft áhrif á frammistöðu og öryggi.

Öll verk sem krefjast notkunar verkfæra verða að vera unnin af tækniþjónustu framleiðanda eða af viðurkenndum fulltrúa hans.

1.5 Viðvaranir



- Breytingar á tækjunum eru ekki leyfðar.
- Enginn vökvi má komast inn í hluta tækisins sem eru með rafspennu.
- Við þríf skal gæta þess að ekkert hreinsiefni renni inn í innstungurnar.
- Taktu rafmagnssnúruna úr sambandi áður en þú þrífur tækið.
- Hús Vibrasat® Pro Console er aðeins tengt sem rekstrarjarðtenging við jarðtengingu aflgjafans.
- Skiptu um allar gerðir tengisnúra þó þær séu aðeins lítið skemmdar og passaðu að hjólum sé ekki ekið yfir snúrunar.
- Haltu snúrunum í burtu frá hitagjöfum. Þetta kemur í veg fyrir að einangrunin bráðni, sem getur valdið eldi eða raflosti.
- Ekki þvinga raftenglana í innstungurnar.
- Ekki toga í snúruna þegar tengi eru tekin úr sambandi. Ef nauðsyn krefur, losaðu þá tengilás þeirra.
- Ekki skal hafa tækin nálægt miklum hita eða eldi.
- Ekki láta tækin verða fyrir þungum höggum.
- Ef hiti, reykjasvæla eða reykur koma fram skal taka tækin strax úr sambandi við rafmagnið.
- Við endurnýtingu tækjanna skal fara eftir endurnýtingarleiðbeiningunum til að forðast að valda skemmdum á vörunni.
- Ef titringur veldur óþægindum í hönd og/eða handlegg notandi skal gera hlé á notkun.

1.6 Viðbótarbúnaður sem ekki er frá framleiðanda

Viðbótarbúnaður sem er ekki innifalinn í afhendingu tækisins og er tengdur við hliðræn og stafræn tengi tækisins verður sannanlega að uppfylla samsvarandi EN forskriftir þess (t.d. EN 60601 fyrir raflækningatæki). Sá sem tengir viðbótartæki er kerfisstillir og ber því ábyrgð á að uppfylla gildandi útgáfu af kerfiskröfum samkvæmt IEC 60601-1 staðlinum.



Þegar notaðir eru hlutar tækis sem samsvara ekki upprunalegu útgáfunni geta afköst, öryggi og rafsegulhegðun skerst.

Efnisyfirlit

1.7 Stök notkun

Endurnotkun einnota hluta hefur í för með sér hugsanlega hættu á sýkingu sjúklings eða rekstraraðila. Mengaðir hlutir geta valdið meiðslum, veikindum eða dauða sjúklingsins. Þrif, sótthreinsun og dauðhreinsun geta haft afgerandi áhrif á mikilvæga efniseiginleika og færíbreytur vöru á þann hátt að það leiðir til bilunar á hlutunum.



Fargaðu notuðum einnota hlutum í samræmi við hreinlætisreglur þínar.

1.8 Varúðarráðstafanir

Niðurstöður notkunarinnar eru mismunandi eftir aldri sjúklings, skurðaðgerðarstað og reynslu aðgerðaraðila. Niðurstöður notkunarinnar geta verið varanlegar eða ekki.

Sótthreinsið alla endurnotanlega íhluti Vibrasat® Pro samkvæmt endurnýtingarleiðbeiningunum og skiptið um alla einnota íhluti áður en Vibrasat® Pro er notað á öðrum sjúklingum.

1.9 Markhópur (notendur)

Notkun Vibrasat® Pro er einungis ætluð þeim læknum sem geta sannað með viðeigandi sérfræðinámi eða viðurkenndu sérnámi að þeir hafi öðlast nauðsynlega sérfræðilpekkingu.

1.10 Skilaboð



Tilkynna skal framleiðanda og lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu þar sem notandinn og/eða sjúklingurinn hefur staðfestu um öll alvarleg tilvik sem tengjast tækinu.

2 Fyrirhugaður tilgangur

2.1 Fyrirhuguð notkun – Fyrirhugaður tilgangur Vibrasat® Pro

Vibrasat® Pro, sem samanstendur úr stýrieiningu og handfangi með tengisnúru og lætur holnál titra, er einkum notað til að styðja við handahreyfingar notanda við skurðaðgerð í tengslum við fitusogsholnalar.

Einungis má nota Vibrasat® Pro með fitusogsholnálum frá Möller Medical.

2.2 Frábendingar

- Storkutruflanir eða inntaka segavarnarlyfja
- Mikið kviðslit
- Alvarlegir hjartasjúkdómar
- Alvarlegir lungnasjúkdómar
- Alvarlegar lifrarskemmdir
- Alvarlegar nýrnaskemmdir
- Segamyndunarhneigð (Thrombophilie)
- Sykursýki

2.3 Fylgikvillar

- Æðaáverkar
- Taugaáverkar
- Vefjaáverkar
- Líffæraáverkar
- Dauði

2.4 Helstu frammistöðueinkenni

Vibrasat® Pro er ekki með nein veruleg frammistöðueinkenni.

2.5 Samsetning við aðrar vörur


Aðeins má nota aukahluti sem tilgreindir eru og samþykktir af framleiðanda tækisins. Athugaðu hjá framleiðanda tækisins ef þú ert ekki viss.

Efnisyfirlit

3 Vörulýsing

Vibrasat® Pro samanstendur af tveimur íhlutum

- Vibrasat® Pro Wand
- Vibrasat® Pro Console



Mynd 1:
Yfirlitsmynd


Nr.	Heiti	Nr.	Heiti
1	Holnál	5	1-Fótstig Liposat®/Vibrasat® Footswitch
2	Vibrasat® QuickLock®	6	3-Fótstig Liposat®/Vibrasat® Footswitch
3	Vibrasat® Pro Wand	7	Rafmagnssnúra
4	Vibrasat® Pro Console		

Tafla 2:
Heiti

Efnisyfirlit

3.1 Vibrasat® Pro Wand (Handfang)


Handfangið flytur titring mjög fljótt í áslæga átt til holnálarinnar, sem er tengd við handfangið, og styður þannig við handahreyfingar notandans.



Mynd 2:
Vibrasat® Pro Wand

Nr.	Heiti	Nr.	Heiti
1	Ás (gaffallaga)	4	Hnappur
2	Hringsplitti	5	Slönguhaldari
3	Lásró		

Tafla 3:
Lýsing



Mynd 3:
Vibrasat QuickLock®

Nr.	Heiti
1	Fremri O-hringur
2	Merkilína
3	Aftari O-hringur
4	Skrúfgangur
5	Slöngutenging

Tafla 4:
Lýsing

Efnisyfirlit

3.2 Vibrasat® Pro Console (stýrieining)

Vibrasat® Pro Console er stýrieining Vibrasat® Pro.

Framhlið:




Mynd 4:
Skjámynd

Nr.	Heiti
1	Merkjaskjár
2	Viðvörðun
3	Plús-hnappur
4	Start/Stop-hnappur
5	Titringshraði
6	Mínus-hnappur

Tafla 5:
Lýsing

Bakhlið:



Mynd 5:
Bakhlið

Nr.	Heiti
1	Rofi fyrir biðstöðu
2	Innstunga fyrir Vibrasat® Pro Wand
3	Innstungur fyrir Liposat®/Vibrasat® Footswitch
4	Inngangstengi rafkerfis
5	USB-tengi, þjónustuskilflötur
6	USB-tengi

Tafla 6:
Lýsing

3.3 Liposat®/Vibrasat® Footswitch (Fótrofi)

Hægt er að nota tvo fótrofa á sama tíma. Báðir fótrofar haga sér eins, hafa jafn mikið vægi. Fótrofarnir eru valfrjálsir, og hægt að fá sem fylgihlut.

3.3.1 Liposat®/Vibrasat® Footswitch (1-fótstig)


Með því að nota hnappinn er hægt að setja Vibrasat® Pro í gang og stoppa tækið.



Mynd 6:
Liposat®/Vibrasat® Footswitch (1-fótstig)

3.3.2 Liposat®/Vibrasat® Footswitch (3-fótstig)

Með því að nota On/Off-hnappinn er hægt að setja Vibrasat® Pro í gang og stoppa tækið. Með Up/Down-takkanum er hægt að breyta titringshraðanum. Notkun tækisins er betur lýst í kafla 5.2.



Mynd 7:
Liposat®/Vibrasat® Footswitch (3-fótstig)

Nr.	Heiti
1	Down-hnappur
2	On/Off-hnappur
3	Up-hnappur

Tafla 7:
Lýsing

3.4 Holnálar



Á Vibrasat® Pro Wand má eingöngu setja þar til gerðar holnálar frá Möller Medical GmbH. Þú getur fundið uppfærðan lista yfir tiltækar holnálar í bæklingnum okkar og á vefsíðu okkar www.moeller-medical.com.



Mynd 8:
Hólnál

Nr.	Heiti
1	Hólnálagöt
2	Hólnála-QuickLock®
3	Læsing

Tafla 8:
Lýsing

Efnisyfirlit

4 Uppsetning og gangsetning



- Gakktu úr skugga um að kassinn hafi verið afhentur þér óskemmdur.
- Tilkynntu flutningsaðilanum strax um skemmdir í flutningum.
- Athugið allar vörur til að sjá hvort skemmdir séu til staðar.
- Ekki má nota vörur sem hafa orðið fyrir skemmdum.
- Hafðu strax samband við dreifingaraðilann.

4.1 Tækið tekið upp og athugað hvort allt hafi fylgt með

Afhending Vibrasat® Pro samanstendur, allt eftir því hvað var pantað, að minnsta kosti úr tveimur pökkunareiningum. Passaðu að ekkert verði eftir í pakkanum þegar þú tekur upp úr honum.

Pökkunareining Vibrasat® Pro

Pökkunareining Vibrasat® Pro Console

- 1 x Vibrasat® Pro Console
- 1 x rafmagnssnúra
- 1 x Lykill til að opna USB-þjónustuskilflöt
- Notkunarleiðbeiningar

Pökkunareining Vibrasat® Pro Wand

- 1 x Vibrasat® Pro Wand
- 1 x QuickLock®
- 10 x O-hringir (ósóttþreinsað)
- 10 x Hringsplitti (ósóttþreinsað)
- Endurnýtingarleiðbeiningar



Fyrir mögulega þjónustu er mælt með því að halda áfram að nota umbúðirnar og ekki henda þeim.

Sendið tækin aðeins í upprunalegum umbúðum til að forðast skemmdir í flutningi.

4.2 Viðeigandi rekstrarumhverfi Vibrasat® Pro

Vibrasat® Pro hentar fyrir umhverfi á eftirfarandi sviðum:

- Faglegar heilbrigðisstofnanir með ákveðnar kröfur
Heilsugæslustöðvar (bráðamóttökur, sjúkrastofur, gjörgæsludeildir, skurðstofur, nema nálægt virkum hátíðni (RF) skurðtækjum eða fyrir utan segulómunarherbergi sem er varið fyrir hátíðni (RF), skyndihjálparaðstaða).
- Heilbrigðisþjónusta á heimili
Stofur, íverustaðir (heimili, íbúðir, hjúkrunarheimili), hótél, gistiheimili og kyrrstæð ökutæki, svo lengi sem tækin eru ekki tengd við jafnstraumsafleggjafa ökutækisins.

Vibrasat® Pro er ekki samþykkt til notkunar í loftförum eða á sviði hernaðar. Prófanir hafa ekki verið gerðar á því hverjar eru réttar kröfur fyrir rafsegulsamhæfi á þessum sviðum.

4.3 Uppsetning og gangsetning



Áður en Vibrasat® Pro Console er tekið í notkun þarf tækið að vera meðhöndlað samkvæmt hreinlætisleiðbeiningunum (sjá Kafla 6).

Vibrasat® Pro Wand og QuickLock® þarf að meðhöndla samkvæmt endurnýtingarleiðbeiningum frá framleiðanda.



Ef Vibrasat® Pro Console und Vibrasat® Pro Wand voru útsett fyrir hita- eða loftrakabreytingum í flutningi þurfa tækin að hafa aðlagast því rekstrarumhverfi sem á að nota þau í, í að minnsta kosti 2 klukkustundir.

4.3.1 Almennar upplýsingar

- Settu Vibrasat® Pro Console á hentugan og stöðugan stað eða notaðu, ef þú ert með það, Vibrasat® Pro mounting kit. Í því skyni er Vibrasat® Pro mounting kit sett á staðlaða braut. Settu Vibrasat® Pro Console á plötuna og festu hana með skrúfunni sem fylgdi með í Vibrasat® Pro mounting kit.
- Tengdu fótrofann (valbúnaður) með tengisnúru Vibrasat® Pro Console.
- Stingdu rafmagnssnúrunni í þar til ætlað stungutengi á Vibrasat® Pro Console og í innstungu með tengdum jarðleiðara. Athugaðu um leið uppgefna spennu rafmagns á merkiplötunni.
- Notaðu biðstöðurofann á bakhlið Vibrasat® Pro Console til að setja tækið í biðstöðu.
- Taktu sótthreinsað Vibrasat® Pro Wand í sótthreinsuðum vinnuaðstæðum úr umbúðunum og tengdu tækið við Vibrasat® Pro Console.
- Tengdu QuickLock® við handfangið.
- Ekki nota nein verkfæri, þau geta skemmt tækið.



QuickLock® þarf að vera vel festur!

Efnisyfirlit

4.3.2 Gangsetning

1. Athugaðu hvort báðir O-hringirnir á Quicklock séu í fullkomnu lagi.
 - ↳ Skiptu um O-hringina með sótthreinsuðum eintökum ef þarf.
 - ↳ O-hringirnir koma í veg fyrir að íhlutir losni við notkun.
 2. Settu smelluhringinn á oddinn á stimplinum (handfangi).
 3. Renndu læsingarhringnum yfir stimpilinn í átt að handfanginu þar til hann smellur í hakið.
 4. Hringsplittin á handfanginu þurfa að vera í lagi og vera í þar til gerðri gróp.
 - ↳ Skiptu um hringsplittið með sótthreinsuðu eintaki ef þarf.
 - ↳ Hringsplittið kemur í veg fyrir að róin og Quicklock losni af handfanginu.
 5. Tengdu uppsetta stýrieiningu við orkuveitukerfið.
 6. Kveiktu á tækinu með rofa fyrir biðstöðu á stýrieiningu.
 7. Togaðu skaftið til baka og togaðu lokið af innstungunni.
 - ↳ Skaftið er hluti af innstungunni og er á enda snúrunnar á handfanginu.
 - ↳ Togtengingin (e. Push-Pull) kemur í veg fyrir að snúran losni óvart af Console-tækinu.
 8. Stingdu tenglinum í tengið á stýrieiningunni.
 - ↳ Rauðu punktarnir sýna rétta stöðu.
 9. Ýttu QuickLock® á öxul handfangsins.
 - ↳ Slöngutengingin vísar upp eða niður.
 10. Skrúfaðu lásró handfangsins fast á skrúfgang QuickLock®.
 11. Ýttu slöngunni í gegnum slönguhaldarann á handfanginu.
 - ↳ Sem dæmi er TLA Luer-Lock Adapter.
 12. Ýttu slöngunni í slöngutengi QuickLock®.
 13. Þrýstu á læsingu holnárinnar og ýttu henni á QuickLock®.
 - ↳ Holnálin smellur í sinn stað þegar henni er ýtt yfir merkilínuna.
 14. Gakktu úr skugga um að holnálin, QuickLock® og handfangið séu vel fest saman.
- ➔ Vibrasat® Pro er nú tilbúið til notkunar.

4.4 Tekið í sundur

1. Togaðu slönguna úr slöngutengi QuickLock®.
2. Togaðu slönguna úr slönguhaldaranum á handfanginu.
3. Þrýstu á læsingu holnálarinnar.
4. Togaðu holnálina af QuickLock®.
5. Skrúfaðu lásró handfangsins af.
6. Togaðu QuickLock® af handfanginu.
7. Taktu tengil handfangsins af Console.
8. Togaðu skaft tengilsins til baka, til að opna togtenginguna (e. Push-Pull).
9. Lokaðu tenglinum á snúruenda handfangsins með hlífðarhettunni.



Meðhöndla þarf Vibrasat® Pro Console og Vibrasat® Pro Wand eftir hverja notkun (*Kaflí 6*).

Efnisyfirlit

5 Notkun og rekstur

Athugaðu alltaf:



- Aðeins má setja álag á handfangið með áslægum hreyfingum.
- Þegar miklir kraftar verka þvert á öxulinn slekkur tækið á sér af öryggisástæðum.
- Miklir kraftar þvert á öxulinn geta skemmt handfangið.
- Á QuickLock® leiða sterkir kraftar til skemmda á handfanginu.
- Öll meðhöndlun tækisins krefst nákvæmrar þekkingar á og skal vera í samræmi við þessar notkunarleiðbeiningar.
- Aðeins hæfu starfsfólki er heimilt að nota tækið.

5.1 Lýsing á stjórtækjum Vibrasat® Pro Console

Þegar kveikt er á tækinu með biðstöðurofanum á bakhlið stýrieningarinnar birtist stutt skjáprófun á skjánum. Eftir að kveikt er á tækinu birtist á skjánum sá titringshraði sem síðast var notaður.



Hægt er að stilla slag tíðnina frá 3.000 slögum á mínútu til 5.000 slaga á mínútu. Hægt er að stilla slag tíðnina í hundruða-þrepum, bæði í biðstöðu og á meðan kveikt er á titringi. Vibrasat® Pro er með Boost-virkni. Í *Kafla 5.2.1.1* er Boost-virkninni nánar lýst.

Efnisyfirlit

5.1.1 Lýsing á skjá



Mynd 9:
Skjámynd

Nr.	Heiti	Lýsing
1.	Merkjaskjár	Tengt við stýrieiningu á hærra stigi
2.	Viðvörðun	hugsanleg röng virkni (<i>Kaflí 5.2.3</i>)
3.	Plús-hnappur	Titringshraði aukinn
4.	Start/Stop-hnappur	Kveikt á titringi, slökkt á titringi
5.	Titringshraði	Slög á mínútu
6.	Mínus-hnappur	Titringshraði minnkaður

5.2 Notkun

Titringsálagið á notandanum þegar Vibrasat Pro er notað getur leitt til VVS (titringstengt æðakrampaheilkenni).

Því ætti ekki að fara yfir hámarksnotkunartíma sem er 90 mínútur á dag.

Til að gera vinnu þína eins einfalda og þægilega og mögulegt er hefur Vibrasat® Pro mismunandi stjórnunarmöguleika.

Efnisyfirlit

5.2.1 Titringshraði stilltur

Titringshraðinn er gefinn upp í slögum á mínútu. Stillisviðið er frá 3.000 til 5.000. Það er alltaf hægt að breyta stillingunni með eftirfarandi aðgerðum:

- Plús/mínús-hnappur notaður á skjá
- Up/Down-hnappur notaður á 3-fótstiga fótrofa

Ef ýtt er einu sinni eykst eða minnkar titringshraðinn um 100 slög/mínútu. Ef ýtt er lengi eykst/minnkar hraðinn samfellt.

5.2.1.1 Boost - virkni

Þegar Boost er virkjað titrar handfangið með 6.000 slögum á mínútu. Boost-virknina er aðeins hægt að virkja með handfanginu. Halda þarf hnappinum inni lengur en í 2 sekúndur til að virkja virknina. Boost-virknin heldur áfram að vera virk á meðan hnappinum er haldið inni, þó ekki lengur en í eina mínútu. Ef Boost-virknin er notuð margsinnis getur það leitt til aukins hita í handfanginu.

Vísir

- Virkjun Boost-virkni
 - ↳ Á skjánum birtist 6.000 í stutta stund.
 - ↳ Síðan fer niðurteljari í gang, úr 59 í 1.
- Boost-virkni stöðvuð
 - ↳ Niðurteljarinn hverfur.
 - ↳ Upprunalegur titringshraði er sýndur og fer í gang

5.2.2 Kveikt og slökkt á titringi

Þegar kveikt er á Vibrasat® Pro Wand logar hringur Start/Stop-hnappsins á skjánum.

- | | |
|-----------------------------|---------------------------------|
| Ýttu á Start/Stop-hnappinn. | (Vibrasat® Pro Console) |
| Ýttu á hnappinn. | (Vibrasat® Pro Wand) |
| Ýttu á On/Off-hnappinn. | (Liposat®/Vibrasat® Footswitch) |

Efnisyfirlit

5.2.3 Viðvaranir

Ef óleyfileg vinnslustaða kemur upp á meðan titringur er í gangi, slökkvar á Vibrasat® Pro Wand. Á skjá Vibrasat® Pro Console birtist viðeigandi númer viðvörunar og táknið **Viðvörun**. Til að halda áfram þarf að ýta á Start/Stop-hnappinn, eða kveikja og slökkva á Console-tækinu.



Ef óleyfileg vinnslustaða kemur aftur og aftur upp skal hafa samband við þjónustuaðila Möller Medical GmbH.

Birting viðvarana

Númer viðvörunar	Lýsing á rangri virkni	Lausn
E 100	<ul style="list-style-type: none"> • Handfanginu var ekki stungið inn rétt. • Vélarhraði er ekki í samræmi við innstillt gildi. • Snúran á tækinu er skemmd. 	<ul style="list-style-type: none"> • Taktu handfangið úr Console og tengdu það aftur. • Minnkaðu álagið og yfirfarðu hreyfanleika Vibrasat® Pro Wand. • Skiptu um snúru tækisins.
E 106 - E 108	<ul style="list-style-type: none"> • Mistókst að setja tækið í gang. 	<ul style="list-style-type: none"> • Hafðu samband við þjónustuaðila.

Tafla 9:
Birting viðvarana

Efnisyfirlit

6 Þrif og umhirða

6.1 Vibrasat® Pro Wand

Endurnýtingu Vibrasat® Pro Wand er lýst í öðru skjali. **Ef þriðji aðili sér um endurnýtinguna skal láta þann aðila fá viðeigandi upplýsingar.**

6.2 Vibrasat® Pro Console

Allar upplýsingar um undirbúning Vibrasat® Pro Console er að finna í eftirfarandi hluta.



- Takið allar snúrur úr sambandi við tækið fyrir hreinsun til að koma í veg fyrir að hætta steðji að notandanum.
- Sæfingarferli eins og gufusæfing eða dauðhreinsun með etýlenoxíði gerir Vibrasat® Pro Console ónothæft.
- Ekki nota neina beitta hluti við hreinsun.
- Raki má ekki komast inn í Vibrasat® Pro Console. Þess vegna má ekki nota úðasóttthreinsiefni.
- Notaðu kusklausa, mjúka klúta til að þrifa og sóttthreinsa.

Þrifið er með klút vættum með mildri sápulausn eða 70% ísópranóllausn.

Eftir hreinsun skaltu sóttthreinsa yfirborð tækisins með pH-hlutlausu-, viðurkenndu sóttthreinsiefni sem byggir á alkóhóli með allt að 70 % alkóhóli (t.d. própan-1-ól, ráðlagt sóttthreinsiefni: Meliseptol®). Fylgdu alltaf leiðbeiningum sóttthreinsiefnisframleiðandans við sóttthreinsun.

Áður en þú notar tækið verður að tryggja að öll sóttthreinsunarefni séu gufuð upp og horfin.

Sjónræn skoðun: Innstungur allra tenginga og klær þeirra kapla sem á að tengja skulu vera lausar við hvers kyns óhreinindi.

7 Hjálp ef bilun kemur upp



Notandi Vibrasat® Pro má ekki opna tækið!

Þessi kafli sýnir nokkur vandamál sem tengjast Vibrasat® Pro og sem geta komið upp.

Nokkur möguleg vandamál og ástæður þeirra eru talin upp. Fylgdu réttri röð skrefa fyrir lausn vandamálsins þar til búið er að laga bilunina.

Slökktu alltaf á Vibrasat® Pro áður en þú tekur tækið úr sambandi eða stingur því í samband. Ef ekki er hægt að leiðrétta villuna á þennan hátt, hafðu samband við þjónustuver Möller Medical GmbH (service@moeller-medical.com).

Vandamál	Lausn
Engin virkni, slökkt er á skjá.	Ekki er kveikt á tækinu eða það ekki rétt tengt við rafmagn. Tengdu rafmagnssnúruna rétt í innstunguna og í Vibrasat® Pro og kveiktu á rofa fyrir biðstöðu. Athugaðu aflgjafann, hugsanlega þarf að kveikja á fjöltenginu, athuga snúrur.
Öxullinn fer ekki af stað.	Tengisnúra handfangsins er ekki tengd. Athugaðu stungutengið.
Fótrofi bregst ekki við.	Tengisnúra fótrofans er ekki tengd. Athugaðu stungutengið.
Ef ekkert af tilgreindum ráðstöfunum leiðir til árangurs, hafðu samband við þjónustuver Möller Medical GmbH.	

Tafla 10 :
Hjálp ef bilun kemur upp

Efnisyfirlit

8 Þjónusta



- Áður en Vibrasat® Pro er fargað eða skilað verður að útiloka hugsanlega smithættu með því að nota viðeigandi sótthreinsunarferli. Þá skal athuga eyðublaðið frá framleiðanda fyrir endursendingu og merkingu vara.
- Rekstrarvörum skal farga í samræmi við hreinlætisleiðbeiningarnar.

Viðvörðunartilkygningar til þjónustunnar:



- Opnaðu aldrei tækið meðan það er tengt við aflagjafa.
- Jafnvel án þess að vera tengdir við rafmagn geta innri hlutar tækisins enn leitt straum.

Þjónustustaður Möller Medical GmbH:

Möller Medical GmbH

Wasserkuppenstrasse 29-31

36043 Fulda, Þýskaland

Sími +49 (0) 661 / 94 19 5 – 0

Fax +49 (0) 661 / 94 19 5 – 850

www.moeller-medical.cominfo@moeller-medical.com**Þjónusta**

Símanúmer: +49 (0) 661 94195 – 108

Fax: +49 (0) 661 94195 – 850




Netfang: service@moeller-medical.com

Efnisyfirlit

8.1 Hugbúnaðaruppfærsla



- Fylgdu rétttri röð skrefa í uppfærslunni. Frávik leiða til þess að hætt sé við ferlið og ekki tekst að uppfæra hugbúnaðinn.
- Athugaðu að lykill USB-Port-Blocker getur bilað ef hann er notaður á rangan hátt.

Skýringar á táknum sem eru notuð			
	Kveikt á tækinu (slökkt á biðstöðu)		Rofi fyrir biðstöðu
	Slökkt á tækinu (kveikt á biðstöðu)		

Tafla 11:

Skýringar á táknum sem eru notuð

Hægt er að uppfæra hugbúnaðinn með USB-þjónustuskilfleti á bakhlið tækjanna. Gerðu eftirfarandi vegna uppfærslunnar:

Undirbúningur


1. Notaðu tóman USB-lykil án undirmappa.
2. Afritaðu hugbúnaðinn á USB-lykilinn.
 - ↳ Þjónustuaðilinn býður upp á hugbúnaðinn.
3. Stilltu **Rofa fyrir biðstöðu** á bakhlið tækisins á **Kveikt á tækinu**.

Tækið uppfært

1. Taktu rafmagnsklóna úr sambandi.
2. Stingdu aflæsingarlykli í gatið fyrir USB-Port-Blocker.
3. Snúðu aflæsingarlykli varlega til vinstri (*Mynd 10*).
 - ↳ Þegar létt mótstaða finnst, skaltu toga létt í aflæsingarlykilinn til að taka út USB-Port-Blocker.
4. Stingdu foruppsettum USB-lykli í USB-þjónustuskilflötinn.
5. Stingdu rafmagnsklónni í samband.
6. Fylgstu með skjánum, uppfærslan fer sjálfkrafa í gang.
7. Skjárinn sýnir í stutta stund „Upd“, og í kjölfarið kemur röð frá „U1“ til „U9“.
8. Hafi uppfærslan tekist, birtist í lokinn „IO“.
9. Ef skjárinn sýnir þetta ekki, farðu aftast í þennan kafla.
10. Taktu rafmagnsklóna úr sambandi.
11. Taktu USB-lykilinn úr.

Efnisyfirlit

12. Stingdu USB-Port-Blocker í USB-þjónustuskilflötinn.
13. Stingdu rafmagnsklónni í samband.
14. Uppsett útgáfa hugbúnaðarins birtist í stutta stund.
15. Ef hún er ekki í samræmi við þá útgáfu sem þú vildir, þarf að endurtaka skrefin hér að framan.
16. Tækið hefur verið uppfært.



Mynd 10:
USB-Port-Blocker tekinn út

Ef uppfærslan tókst ekki

- Skjárinn sýnir viðkomandi númer viðvörðunar fyrir uppfærsluna.
- Gamli hugbúnaðurinn verður áfram á tækinu.
- Framfylgdu eftirfarandi leið að lausn vandans.

Hafðu samband við þjónustuaðila ef engin niðurstaða fæst.

Viðvörðunartilkygningar vegna hugbúnaðaruppfærslu

Númer viðvörðunar	Lýsing á rangri virkni	Lausn
1	Hugbúnaðurinn á USB-lyklinum er ógildur.	Athugaðu hugbúnaðinn á USB-lyklinum eða afritaðu kannski hugbúnaðinn aftur yfir á USB-lykilinn.
2 – 8, 11 – 13	Afritun hugbúnaðarins yfir á tækið mistókst.	Prófaðu að framkvæma uppfærsluna aftur. Hafðu samband við þjónustuaðila ef þetta gengur ekki heldur.
9, 10	Raðnúmer hugbúnaðarins er rangt.	Hafðu samband við þjónustuaðila.

Tafla 12 :
Viðvörðunartilkygningar vegna hugbúnaðaruppfærslu

9 Endurteknar Öryggisathuganir

Aðeins Möller Medical GmbH eða einstaklingur sem hefur fengið sérstakt leyfi frá framleiðanda má koma að enduruppsetningu, viðbótum eða breytingum á Vibrasat® Pro.

Allir einstaklingar sem hafa fengið viðeigandi þjálfun eru með viðeigandi vottorð frá framleiðanda, sem þarf að hafa gildistíma, því vottorðin renna út. Fáðu að sjá viðeigandi vottorð.

Öll vinna sem er framkvæmd þarf að skrá með dagsetningu og undirskrift. Þriðju aðilar mega ekki gera breytingar á tækinu. Öryggisathugun þarf að framkvæma að minnsta kosti á 12 mánaða fresti. Allar nauðsynlegar færslur er hægt að gera í lækningatækjabókinni. Notaðu Vibrasat® Pro eingöngu ef tækið er öruggt til notkunar og/eða virkar rétt. Annars verður að gera við það strax af þjónustuaðila tækisins.

Efnisyfirlit**10 Förgun**

Þetta tæki inniheldur efni sem verður að farga til að vernda umhverfið. Evróputilskipun 2012/19/ESB um úrgang raf- og rafeindatækja (WEEE2) á við um þetta tæki. Þetta tæki er því merkt með tákni fyrir yfirstrikaða ruslatunnu á tegundarplötunni.

Sendu tæki sem eru ekki lengur notuð til Möller Medical GmbH. Þetta tryggir að förgun fari fram í samræmi við innlendar útgáfur WEEE-tilskipunarinnar.

11 Viðauki

11.1 Tæknileg gögn

	Vibrasat® Pro Wand	Vibrasat® Pro Console
Vörunúmer:	REF 00003922	REF 00003921
Mál	Þvermál x lengd 52 mm x 300 mm	Breidd x hæð x dýpt: 170 mm x 90 mm x 205 mm
Þyngd	u.þ.b. 0,75 kg	u.þ.b. 1,2 kg
Yfirborðshitastig:	< 43° C við uppgefinn notkunartíma ^{*1}	

	Vibrasat® Pro
Vörunúmer:	REF 00003920
Tenging við rafmagn:	
Spenna	100 – 240 V AC
Tíðni	50 – 60 Hz
Orkunotkun	0,65 – 0,27 A
Verndarflokkur	II
Inntaksafli	65 VA
Váhrif:	
Hávaðastig	< 75 (dB(A))



^{*1} Vibrasat® Pro er hannað til að vera í notkun í 30 mínútur með 60 mínútna hléi í kjölfarið. Þá lotu má endurtaka eins oft og nauðsynlegt er.

Efnisyfirlit

11.2 Almenn auðkenni

	Vibrasat® Pro Wand		Vibrasat® Pro Console
Flutnings- og geymsluupplýsingar:			
Hitastig	-10° C til +50° C	=	-10° C til +50° C
Loftraki	< 100% rakastig		< 90% rakastig
Þyngd með umbúðum	1,05 kg		1,8 kg
Mál	Breidd x hæð x dýpt: 400 mm x 85 mm x 190 mm		Breidd x hæð x dýpt: 297 mm x 145 mm x 228 mm
Rekstrarskilyrði:			
Hitastig	+10° C til +25° C	=	+10° C til +25° C
Loftraki	30 til 75 % rakastig	=	30 til 75 % rakastig
Þrýstingur	70,1 kPa – 101,3 kPa (3000-0 m NN)	=	70,1 kPa – 101,3 kPa (3000-0 m NN)
Verndarflokkur:			
Lágmarks endingartími	Má gufusæfa 8 ár	=	IP 20 8 ár



Geymið pakkað tæki á þurrum stað.

Vibrasat® Pro er háð sérstökum varúðarráðstöfunum með tilliti til rafsegulsamhæfi og verður að setja upp og taka í notkun samkvæmt þessum leiðbeiningum um rafsegulsamhæfi.

Vibrasat® Pro ætti ekki að nota við hlið eða staflað með öðrum búnaði nema stöðugt eftirlit sé með búnaðinum.



Ef ekki er hægt að fylgjast stöðugt með tækinu er bönnuð hlið við hlið eða staflað fyrirkomulag.

Listi yfir aukabúnaðinn sem þarft til að Vibrasat® Pro uppfylli kröfur 6.1 og 6.2 í IEC 60601-1-2 er tilgreindur í fylgihlutaviðauka.

Að nota Vibrasat® Pro með aukabúnaði eins og breytum eða snúrum, sem ekki eru skilgreindir fyrir fyrirhugaða notkun með tækinu, geta leitt til aukinnar rafsegulgeislunar eða minnkaðs rafsegulónæmis.

11.3 Rafsegulgeislun

Vibrasat® Pro er ætlað til notkunar í tilgreindu rafsegulumhverfi. Viðskiptavinur og/eða rekstraraðili Vibrasat® Pro ætti að ganga úr skugga um að Vibrasat® Pro sé notað í rafsegulumhverfi sem tilgreint er hér að neðan.

Mæling á losun truflana	Samsvörun	Leiðbeiningar um rafsegulumhverfi
Losun hátfíðnitruflana skv. CISPR 11	Hópur 1	Vibrasat® Pro hentar til notkunar í öðrum aðstæðum, einnig á íbúðasvæðum og álíka, þar sem opinberar rafveitutengingar eru til staðar sem einnig þjónar íbúðarbyggingunni.
Losun hátfíðnitruflana í leiðslum skv. CISPR 11	Flokkur B	
Útgeislun á yfirsveiflu samkvæmt IEC 61000-3-2	Flokkur A	
Losun spennusveiflna/flökts samkvæmt IEC 61000-3-3	Stemmir saman	

Efnisyfirlit

11.4 Rafsegulónæmi

Vibrasat® Pro er ætlað til notkunar í tilgreindu rafsegulumhverfi. Viðskiptavinir eða rekstraraðilar þessara tækja skulu ganga úr skugga um að þau séu notuð í slíku umhverfi.

Rafsegulónæmispróf / staðall	IEC 60601 - Prófunarstig	Samræmisstig	Rafsegulumhverfi / leiðbeiningar
Losun á stöðurafragnis samkvæmt IEC 61000-4-2	±8 kV snertilosun ±15 kV loftlosun	±8 kV snertilosun ±15 kV loftlosun	Gólf ættu að vera úr tré eða steinsteypt eða með keramikflísar. Ef gólfíð er klætt gerviefni verður rakastig að vera að minnsta kosti 30 %.
Í rafkerfi (electrical fast transient/burst) IEC 61000-4-4	±2 kV fyrir raflínur ± 1 kV fyrir inntaks- og úttaksleiðslur	±2 kV fyrir raflínur ± 1 kV fyrir inntaks- og úttaksleiðslur	Gæði rafspennunnar ætti að vera í samræmi við hefðbundna notkun í fyrirtækjum og á sjúkrahúsum.
Yfirspenna (högg) IEC 61000-4-5	±1 kV mótvægisspenna ±2 kV venjuleg spenna	±1 kV mótvægisspenna ± 2 kV mótvægisspenna	Gæði rafspennunnar ætti að vera í samræmi við hefðbundna notkun í fyrirtækjum og á sjúkrahúsum.
Spennudýfur, skammtímarof og sveiflur í fæðispennum IEC 61000-4-11	< 5 % U_T (> 95 % lækkun U_T) í 1 tímabil 40 % U_T (60 % lækkun U_T) í 5 tímabil 70 % U_T (30 % lækkun U_T) í 25 tímabil	< 5 % U_T (> 95 % lækkun U_T) í 1 tímabil 40 % U_T (60 % lækkun U_T) í 5 tímabil 70 % U_T (30 % lækkun U_T) í 25 tímabil	Gæði rafspennunnar ætti að vera í samræmi við hefðbundna notkun í fyrirtækjum og á sjúkrahúsum. Ef notandi vörunnar krefst einnig áframhaldandi notkunar meðan á rafmagnstruflunum stendur er mælt með því að varan sé knúin af órofa afgjafa eða rafhlöðu.
Segulvið við rafmagnstíðnina (50/60 Hz) samkvæmt IEC 61000-4-8	N/A	N/A	N/A
Skýring: U_T er spenna riðstraums áður en prófun fer fram.			
Truflun frá fjarskiptatíðni samkvæmt IEC 61000-4-6	3 Veff 150 kHz til 80 MHz	3 Veff 150 kHz til 80 MHz	Ráðlögð öryggisfjarlægð: Færanleg samskiptatæki á fjarskiptatíðni (bráðlaus fjarskiptabúnaður) (þar á meðal fylgihlutir þeirra eins og loftnetssnúður og ytri loftnet) ættu ekki að vera nær en 30 cm (eða 12 tommur) frá tilgreindum hlutum framleiðanda og raflögnum Vibrasat® Pro. Ef ekki er farið eftir þessu getur það leitt til skerðingar á frammistöðueiginleikum tækisins.
Truflun frá fjarskiptatíðni samkvæmt IEC 61000-4-3	6 Veff í ISM- og útvarpstíðnisviðum áhugamanna á milli 150 kHz og 80 MHz	6 Veff í ISM- og útvarpstíðnisviðum áhugamanna á milli 150 kHz og 80 MHz	 

Efnisyfirlit

Rafsegulónæmispróf / staðall	IEC 60601 - Prófunarstig	Samræmisstig	Rafsegulumhverfi / leiðbeiningar
Útgeislun frá fjarskiptabylgjum IEC 31000-4-3	10 V/m 80 MHz til 2,7 GHz Tafla 9 í IEC 60601-1-2 Útg.4	10 V/m 80 MHz til 2,7 GHz Tafla 9 í IEC 60601-1-2 Útg.4	
Athugasemd:			
ATHUGASEMD 1: Við 80 MHz og 800 MHz gildir hærra tíðnisviðið.			
ATHUGASEMD 2: Þessar leiðbeiningar eiga ekki við í öllum tilvikum. Rafsegulútbreiðsla er háð gleypni og endurkasti frá mannvirkjum, hlutum og fólki.			

a) Sviðstyrk kyrrstæðra senda, t.d. grunnstöðva farsíma og landsfarsíma, útvarpsáhugamanna, AM og FM útvarps- og sjónvarpsstöðva er ekki fræðilega hægt að ákvarða nákvæmlega fyrirfram. Íhuga ætti rannsókn á rafsegulfyrirbærum staðarins til að meta rafsegulsviðið vegna fastra senda. Ef mældur sviðsstyrkur á þeim stað þar sem Vibrasat® Pro er notað fer yfir ofangreindar samræmismörk, ætti að fylgjast með Vibrasat® Pro til að staðfesta fyrirhugaða virkni. Ef óvenjulegir frammistöðueiginleikar koma fram gætu viðbótarráðstafanir verið nauðsynlegar, svo sem að breyta stefnu eða velja annan stað fyrir Vibrasat® Pro.

b) Á tíðnisviðinu 150 kHz til 80 MHz ætti sviðsstyrkur að vera minni en 3 V/m.

Vibrasat® Pro uppfyllir öll prófunarstig samkvæmt IEC60601-1-2 útgáfu 4 (tölur 4 til 9).

11.5 Ráðlagðar öryggisfjarlægðir



Vibrasat® Pro má ekki nota við hlið eða staflað með öðrum búnaði. Ef þörf er á notkun nálægt eða að stafla með öðrum búnaði, þarf að fylgjast með Vibrasat® Pro til að sannreyna fyrirhugaða virkni þess í uppsetningunni sem notuð er.

Efnisyfirlit

12 Fylgibúnaður

Sóttreinsaðar rekstrarvörur

TLA Luer-Lock Adapter

Pöntunarnr.: 00004027

(30 stykki í pakka)



Aukahlutir

Liposat®/Vibrasat® Footswitch (1-fótstig, 2 m snúra)

Pöntunarnr.: 93003545



Liposat®/Vibrasat® Footswitch (1-fótstig, 5 m snúra)

Pöntunarnr.: 00003982

Liposat®/Vibrasat® Footswitch (3-fótstig, 2 m snúra)

Pöntunarnr.: 93003517



Liposat®/Vibrasat® Footswitch (3-fótstig, 5 m snúra)

Pöntunarnr.: 00003981

Vibrasat® Pro mounting kit

Pöntunarnr.: 00003973



QuickLock®

Pöntunarnr.: 92016792



Efnisyfirlit

Varahlutir

Aflæsingarlykill með USB-Port-Blocker

Pöntunarnr.: 93006998



Hringsplitti

Pöntunarnr.: 93007034

(10 stykki í pakka)



O-hringur


Pöntunarnr.: 93007267

(10 stykki í pakka)



Lásró

Pöntunarnr.: 92016794



Þú getur fundið uppfærðan lista yfir tiltækan aukabúnað á vefsíðu okkar www.moeller-medical.com eða í bæklingnum okkar.

CE 0482

Pöntunarnúmer
Notkunarleifðbeiningar
(REF) 93008288



Möller Medical GmbH
Wasserkuppenstrasse 29-31
36043 Fulda, Þýskaland

Sími +49 (0) 661 / 94 19 5 – 0
Fax +49 (0) 661 / 94 19 5 – 850
www.moeller-medical.com
info@moeller-medical.com

